

Stjórnarfundur haldinn í Perlunni í Reykjavík laugardaginn 20. febrúar 2016 kl. 11

Mættar voru: Eygló, Guðbjörg, Inga María, Kristín og Jónína. Sigríður er erlendis.

Vorþing

Eygló leitaði eftir samþykki við dagskrá menntamálanefndar á vorþinginu, sem haldið verður í Setbergsskóla laugardaginn 30. apríl n.k. Yfirskrift þingsins verður: Fjölmennning og samtakamáttur

Dagskrá

Nokkur umræða spannst um það, hvort fyrirlestur AnhDao um gengi nýbúa í framhaldsskólum á Íslandi verði kannski að klifun, þar sem hún verður búin að hitta 4 deildir með sama eða svipað efni í vetur.

Þá var einnig rætt hvort dagskráin þyldi ekki einn fyrirlesara í viðbót og voru nokkur nöfn nefnd. Til þess að koma þeirri viðbót fyrir mætti að ósekju skera af umræðum, sem fyrirhugaðar eru, eða hreinlega sleppa þeim.

Eygló var falið að ræða þetta við menntamálanefndina. Stjórnin getur bent á nokkra verðuga fyrirlesara.

Erlendir gestir

Búið er að gera veg erlendu gestanna greiðan hér á landi. Eygló sækir þær út á Keflavíkurvöll að morgni föstudagsins 29. apríl og sýnir þeim eitthvað af Íslandi, t.d. Þingvelli þann dag. Býður þeim út að borða og óskar eftir að einhver úr stjórninni gerist meðreiðarsveinn allan daginn eða hluta hans. Þær munu gista á Sóleyjargötunni, húsi K.Í. og gætu haft með sér maka. Eftir þingið á laugardeginum er einnig ætlunin að bjóða þeim út að borða, ef úthald og löngun verður til þess.

Boðsgestir á þingið

Konum býðst að bjóða með sér gestum á þingið, sem þær greiða aðgang fyrir. Stjórnin sér ekki ástæðu til að takmarka fjölda þeirra, sem boðið verður.

Vekja athygli á mætingu

Rætt var um það, hvort veita ætti viðurkenningu þeirri deild, sem mætti best á þingið, en það fékk ekki meðbyr. Hins vegar var samþykkt að gaman væri að biðja deildir að standa upp þannig að þær yrðu sýnilegar, hver fyrir sig. Klappað fyrir hverri deild, en ekki gert sérstaklega með þær, sem mæta vel.

Happdrætti á vorþingi

Landsambandið fékk gjafir á afmælinu s.l. haust, sem gefendur vildu að sambandið ráðstafaði að vild. Stjórnin telur góða hugmynd að selja happdrættismiða á vorþinginu og jafnvel megi finna fleiri muni í fórum stjórnarkvenna til að hafa í verðlaun með afmælisgjöfunum, sem nefndir voru hér áður.

Inntökuskírteini

Gjaldkeri sér um að eiga inntökuskírteini frá alþjóðasambandinu sem afhent eru nýjum félögum sem ganga í samtökin. Ekki eru þó allar deildir sem afhenda svona skírteini. Skírteinin kosta u.þ.b. 2

dollara og eru með undirskrift alþjóðaforseta hverju sinni. Jensína gjaldkeri á einhver skírteini sem undirrituð eru af Beverly Helms sem var forseti alþjóðasambands 2012-2014. Upplýst var að skírteinin halda gildi sínu þó nýr forseti sé kominn í embætti. Hugmynd hefur komið fram um að við gerðum okkar eigin skírteini. Það var ekki rætt frekar

Afmæli

Nú verður Landssambandsþing að ári og einhverjir félagar gætu haft hugmynd um að þá yrði haldið afmæli Landssambandsins. Að aldur þess fari eftir þeirri dagsetningu að deildirnar urðu 3 á landinu. Afmælið s.l. haust var haldið með hliðsjón af því hvernig þetta er bókfært hjá alþjóðasamtökunum og þar er afmælið talið frá stofndegi fyrstu deildarinnar árið 1975, ekki stofnun næstu deilda tveimur árum síðar. Stjórnin telur að framvegis skuli miða við að upphaf samtakanna á Íslandi miðist við árið 1975, og afmælin haldin skv. því.

International Award

Stjórnin telur rétt að biðja Sjöfn Sigurbjörnsdóttur að gera grein fyrir störfum sínum á alþjóðlegum nefndum til að hægt sé að meta, hvort hún verði tilnefnd til þessarar viðurkenningar. Stjórnin telur tímabært að allar konur, sem starfað hafa í erlendum nefndum haldi um það skrá þannig að það liggi ævinlega fyrir á stjórnarheimilinu.

Næsti Evrópuforseti verði íslenskur

Guðbjörg leggur til að við tilnefnum næsta forseta í Evrópusamtökin. Það gæti orðið mjög flott þegar þingið verður hér á landi.

Kostnaður forseta við ferðalög

Fundinum þykir eðlilegt að forseti sem fer erlendis á Evrópu- eða alþjóðþingin eigi að fá greiðslu fyrir þátttöku og ferðalög – og þá þarf einnig að gæta að öðrum, sem eru í nefndum og þurfa að mæta og gera skyldu sína. Ákveðið var að Eygló og Guðbjörg settu niður á blað hugmyndir um verklagsreglur og þær ræddar síðar.

Uppfærsla á vef samtakanna

Samþykkt var að ganga til samninga við hýsingaraðila vefsins okkar að uppfæra hann.

Gjöf til alþjóðaforseta

Samþykkt var að borga í gjöf til alþjóðaforseta , 20 dollara.

Kennaradagur á Akureyri

Beta deildin ætlar að halda kennaradaginn hátíðlegan næsta haust. Hefur leitað eftir fjárstuðningi við að standa fyrir einhverri uppákomu fyrir norðan, málþingi eða slíku. Þar verð t.d. höfðað sérstaklega til ungu kennaranna í nafni samtakanna. Stjórnin samþykkir að taka erindinu vel og vill skoða með hvaða hætti samtökin geti styrkt verkefnið. Hægt er að hugsa sér að sérstök upphæð í sjóðum samtakanna verði eyrnamerkt til slíkra verkefna og öllum deildum verði heimilað að sækjast eftir stuðningi eftir að hafa gert grein fyrir eðli og inntaki verkefnisins.

Fundi slitið kl. 13. Ritari Jónína Eiríksdóttir